

Hanna María Karlsdóttir & Sigurborg Daðadóttir
Reykjavík 1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Steingrímur Sævar Ólafsson

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir,

BetaCAM 9715

© Krumma films ehf.

Spóla 9715.

B: Já, já, ég geri það. Ég er búin að fylgjast með þessu ansi lengi. Ég var m.a., ég hafði starfað í pólitík og hérna ýtti þessu máli þar áfram. Þannig að ég er búin að fylgjast með þessu alveg alla tíð.

H: Já, ég fylgdist með í gegnum hana. Mjög þægilegt.

B: Já og það var mjög spennandi að sjá hvernig umræðan var og hvernig þetta þróaðist, virkilega hvað það var mikil samstaða. Við þessa tillögu. Nei. Það var búið að vinna í þessu áður, búið að fara einhverjar umræður fram á Alþingi áður en náði aldrei í gegn. Fyrr en þarna náðist virkilega góð samstaða. Það voru flutningsmenn úr öllum flokkum og það var mjög sterkt.

H: Ég var lasin, mér leið ekkert voðalega vel. En að sjálfsögðu leið mér vel jú yfir því að þetta skyldi ná fram að ganga. Og maður er virkilega þakklátur öllu því fólki sem stóð í þessari baráttu.

B: Og ég fór þarna og tók þátt í hátíðahöldunum. Þetta var ofsalega stór dagur og frábært hvað það var margt fólk þarna sem tók þátt í þessu með, bara ólíklegasta fólk. Ekki bara samkynhneigðir heldur gagnkynhneigðir líka. Og það var bara ofsaleg gleði þennan dag.

B: Já, ég er búin að berjast fyrir þessu í mörg ár og ég hérna, það var aldrei spurningin að ef ég fengi einhvern tímann rétt til þess að nýta mér þau réttindi sem að núna gefast að þá myndi ég nýta mér það. Bara spurning hvenær já-ið kom sko.

H: Já, ég var dálítið lengi að gefa já-ið. En það var ekki af því ég vildi það ekki. Nei þetta var bara spurning um rétta tímasetningu.

H: Já ég verð nú að viðurkenna það já, ég var það kannski pínulítið. En það blessaðist allt saman. Ég á svo góða að.

B: Ég var aldrei hrædd um það. Ég er náttúrulega búin að vera svo lengi, lifað í þessu sambandi þannig að það hefur aldrei verið neitt spurning sko.

Svona fólk

B: Mér finnst bara, á svo margan hátt. Það er út á við. Mér finnst ég vera bara kannski frjálssari. Opnari gagnvart öðrum, meira, öruggari að sækja mér rétt en áður. Núna getur maður farið og staðið í báða fætur og ef maður verður fyrir órétti þá er maður keikur og vitnar í þessi lög en sem betur fer hefur maður ekki lent í því.

H: Við fáum hjónaafslátt, í fyrsta skipti um daginn og fengum hann alveg eins og ekkert væri.

H: Það er allt of nálægt kvikunni sko. Ég er sýna sko hringinn. Sýndu þinn líka.

B: En við tókum hann mjög alvarlega. Alltaf svona (*ber hring við bollann*). Jæja höldum áfram.

H: Já nú er maður alltaf svona að láta bera á þessu.

B: Það gekk þannig fyrir sig að við kynntum okkur málið hjá hvað heitir þetta...

H: Borgarfógeta.

B: ...og komumst að því að hérna af því við erum í kjördæmi, einhverju umdæmi, þá þyrftum við að safna pappírnum þar eða ná í þá hérna sem og við gerðum. Og það gekk svona ljómandi vel þar til Hanna fór að hérna skila pappírnum. Best að þú segir frá því...

H: Æ, ég veit nú ekki hvort það er fallett.

B: Jú, jú, þú ættir að segja frá því...

H: Neee....æ, það var bara að ég fór með pappírana héra til sýslumannsins og konan sem tók við þeim hún vissi ekki hvað staðfest sambúð var.

B: Samvist.

H: ...staðfest samvist var og ég þurfti að útskýra það fyrir henni. Konan sem tók við pappírnum hún vissi ekki hvað staðfest samvist þýddi. Ég þurfti að útskýra það fyrir henni. Mér leiddist það nú í rauninni ekkert.

B: Já, það var sko gifting en samt nei þetta er ekki gifting heldur staðfest samvist. Það var allt í lagi sko en síðan sko fórum við með pappírana til héra Reykjavíkur og lögðum þar inn og þar óskaði ég eftir, ég fór nú með þá, óskaði ég eftir héra ákveðnum fulltrúa. Það var ekki vel tekið í það og héra ég óskaði eftir því sérstaklega úr því við þekktum persónulega einn fulltrúa mjög vel að hann myndi framkvæma athöfnina og mér var eiginlega synjað sko. Og ég vildi þá bara ganga formlega í málið og skrifa umsókn eða skrifa bréf þar sem væri óskað eftir þessu bréflega og (H: Mín góð!) þá var það afpakkað. Hún vildi ekkert að við værum að gera þetta skriflega því ég sagðist vilja fá þá alla vega nei-ið skriflegt því ég myndi áfrýja því til sýslumanns ef það yrði nei. En síðan var það já svo seinna. Tók nokkra daga að vísu. Þannig að þetta voru svolítið svona skringileg viðbrögð að stærsti dagur lífs míns og jú lífs okkar að geta ekki valið. Það sem sagt var hafnað valinu en reyndist svo í lagi.

H: Já, því annað fólk getur jú valið sér prest. Það er svolítið skrítið að vera bara skaffað einhver manneskja. Sem er jafnvel kannski á móti því að framkvæma svona athafnir sem manni skilst nú að stundum hafi komið upp. En við vorum óskaplega heppnar, við fengum tvær yndislegar manneskjur.

H: Í kirkju? Já það kom eiginlega aldrei annað til greina hjá mér. Ég vildi njóta þeirra réttinda að fá blessun í kirkju líka. Annað fannst mér óréttlátt. Nei, það var ekkert mál. Það var alveg ótrúlega auðsótt. Við fórum og hittum prest sem heitir séra Cecil Haraldsson og bárum þetta undir hann í júní og hann tók okkur, já vægast sagt mjög vel og hélt nú að það væri ekki málið. Og þá spurðum við hann hvort við gætum hugsanlega fengið Fríkirkjuna lánaða þar sem hann er safnaðarprestur en hann var nú ekki á því...

B: Ja, hann var ekki mjög bjartsýnn en héra sagðist mundu héra leggja það fyrir safnaðarstjórn, svona óformlega kanna viðbrögðin sem hann og gerði en héra dró það raunar strax til baka. Hann fann að það var ekki samstaða.

H: Nei, ekki í safnaðarstjórninni eða safnaðarnefndinni. En hann benti okkur á að það eru tvær kirkjur sem að engir söfnuðir fylgja. Og það er annars vegar kirkjan úti í Viðey eða Árbæjarsafnskirkja. Og við fórum út í Viðey og skoðuðum kirkjuna þar en okkur leist ekkert á hana. Það var enginn heilagur andi í henni. Hún var bara köld.

B: Já, en svo aftur safnkirkjan í Árbæjarsafninu hún er mjög yndisleg og falleg. Svólítið lítil fyrir stórar fjölskyldur. Það var þéttsetinn bekkur.

H: Hún er stórkostleg, bara dásamleg. Ég held mér hafi aldrei liðið svona vel á ævi minni.

B: Það var æðislega gaman. Sko manni var óskaplega kalt, bæði af stressi og kulda, það var ekkert óskaplega hlýtt í næfurþunnum kjólum en þetta var ofsalega falleg athöfn og stórkostleg stund í rauninni. Maður hefur verið jú gestur eða í athöfnum og ég hef alltaf hugsað, þarna kem ég aldrei til með að geta staðið. En svo er það bara staðreynd núna að ég hef getað staðið þarna og stóð þarna. Vonandi bara einu sinni reyndar (*hlær*).

H: Vá hvaðan kom þetta? Stendur til að fara að vera með eitthvað vesen?

B: Já, þetta var nú fyrsta brúðkaupið.

H: Í okkar sambandi? Já nei...

B: Nei, ég finn engan mun á því, en finn mun kannski svona út á við...

H: Út á við já, akkúrat, ég geri það líka.

B: Fólk hefur samglaðst okkur mjög mikið. Þetta hefur spurst mikið út enda fór það ekkert leynt, þetta var stórveisla mikil. En við finnum mjög mikinn samhug með okkar vinum og...

H: Samhug, stuðning og gleði. Það er ótrúlegasta fólk sem er að óska okkur til hamingju og það er alveg dásamlegt að finna hvað einmitt margir styðja við bakið á okkur og samgledjast, og innilega, og í alvöru.

Svona fólk

B: Nei ekkert.

H: Ekki neitt.

B: Alla vega ekki sem við heyrum eða viljum ekki heyra, ég veit það ekki. Nei það er í raun ekki neitt.

B: Ja, ég heyrði engar neikvæðar raddir. Það voru bara allir mjög jákvæðir og fannst þetta frábært.
Hm.

B: Eftir 10 ár? Ætli maður verði ekki að ýta hjólastólnum (*hlær*).

H: Heyrðu góða....

B: Það verður bara voða fint.

H: Hún verður orðin lappalaus og ég verð að drusla henni með mér.

B: Hverslags er þetta (*hlær*).

H: Jæja.

B: Taka þetta upp semsagt.

B: Brugguðum.

H: (*Hlær*) ég þorði ekki að segja það, uss suss bannað.

B: Nei við bara tókum sumarfríð svolítið í þetta að skipuleggja og hérna safna saman, já bara plana hvernig við ætluðum að hafa þetta. Hvar við ætluðum að hafa þetta, okkur langaði mest að hafa þetta hérna heima. Og...

H: Ég ætlaði nú upphaflega nú bara að gera þetta svona í kyrrþey. En Sigurborg tók það ekki í mál.

B: Nei, nei, þannig að það...það er bara vinna að skipuleggja þetta en..

H: Já, mikil vinna...

B: Ja þ.e.a.s. ekki vígsluna sjálfa, það er nú engin skipulagning í því en veislan sem við höldum í kjölfarið hún var stór og tók mikinn tíma að undirbúa hana. En með góðu skipulagi og hjálp vina og vandamanna þá gekk þetta mjög vel.

B: Ekkert sem ég man eftir. Bara grátur og gnístran tanna (*hlær*).

B: Já, það var nefnilega svolítið, það var svolítið skrítið. Við komum tvær konur inn í verslanir, við tókum Laugavegin alveg samviskusamlega alveg niður og upp og það var svolítið skrítið að koma inn því einhvern veginn var okkur alltaf tekið, við sögðum þetta er brúðkaup, kjóll fyrir brúðkaup eða spariföt, og þá var það aldrei öðruvísi inni í dæminu hjá afgreiðslufólkinu en að það væri önnur hvor okkar og hin væri með henni að máta með henni eða hjálpa henni að máta sko og velja. Og við spiluðum bara leikinn með þeim sko, vorum ekkert að þessu. En það var líka svolítið skondið þegar við vorum í andlitssnyrtingu. Fyrst fór Hanna og búin í snyrtingunni og svo kem ég á eftir og konan þarna, ung kona og mjög hress, hún er eitthvað að spjalla svona og segir: Jæja, stendur eitthvað mikið til? Segi já, já, við erum að fara að gifta okkur. Jaaá en sniðugt, saman? Ég segi: Já, já, saman. Eruði systur? Nei við erum par. En sniiiiðugt... Maður fann bara að hún vissi ekkert eða hún átti ekkert von á þessu. En það var bara, við hlógum bara að þessu svo, ekkert mál.

B: Já þau, sko ég á mörg systkini, við erum níu alsystkini og einn hálfbróðir og þau tóku þessu öll mjög vel nema ein systir mín hún var fjarstödd. Hún er í sértrúarsöfnuði og hún vildi ekki eða gat ekki verið viðstödd og mér fannst það sárt en það er einhvern veginn, maður verður bara að virða skoðanir annara og þeirra rétt til þess að þiggja boðið eða afþakka. En það var eina sem skeði þá sko, en maður reyndi bara að láta það ekki trufla.

B: Mjög gott, mjög gott. Þetta bara stríðir gegn hennar trú og hún gat ekki hugsað sér að vera þarna.

H: Það vill svo til að ég á líka systur sem er í sértrúarsöfnuði. Öðrum sértrúarsöfnuði en systir hennar er í og hún gat heldur ekki verið viðstödd. Og það hryggði mig mjög. Ég var rosalega hrygg yfir því.

B: Og við ræddum þetta við prestinn. Tókum þetta upp í undirbúningnum og hann hérna sagði okkur það að hann yrði hissa ef að þær kæmu. Því að þetta, með því að vera viðstaddur svona athöfn þá í raun ertu að samþykkja það sem fram fer. Og hann taldi að þær mundu ekki geta átt sjö dagana sæla innan síns safnaðar vegna þess yrði erfitt fyrir þær að svara fyrir það að hafa viðvist.

H: Já, já, hann útskýrði þetta og þá svona...ja, ég alla vega reyndi að skilja það. Mér finnst samt erfitt að skilja þetta þegar stærsti dagur lífs míns er í vændum og hann rennur upp og uppáhalds systir mín getur ekki verið með mér. Mér finnst það svolítið dapurlegt. En við erum afskaplega góðar vinkonur, mér þykir mjög vænt um hana.

H: Hún mamma mín? Já hún er hætt að koma mér á óvart. Hún er bara yndisleg manneskja með stóíska ró og lífsgleði og trúir á sinn guð. Það er, já, ég hérna, þar sem að við vorum blessaðar í kirkju þá einhvern veginn ég hugsa að mér líði miklu betur með athöfnina og sem sagt ég bara kalla þetta giftingu, af því við fengum inni í kirkju. Vegna þess að ég er svona dálítið trúuð. Ég er alin þannig upp og hérna ég veit það bara að guð elskar okkur eins og við erum. Ég er ekki í nokkrum einasta vafa um það að guð elskar okkur nákvæmlega eins og við erum.

H: Það skipti mig mjög miklu máli.

B: Mig ekki eins miklu en hérna samt, maður hefur sína barnstrú sem er einhvers virði náttúrulega en ég er ekki mjög kirkjurækin manneskja en þetta var virkilega falleg og gefandi athöfn. Það kom nú líka til greina að við myndum fá vígsluprest þá heima eða annarsstaðar. Jafnvel í kapellu heima hjá honum eða eitthvað slíkt en við vildum helst og reyndum hvað við gátum að komast í kirkju.

H: Bara í kirkju eins og annað fólk. Við erum bara ósköp venjulegt folk. Er það ekki?

B: Þaggí bara?

Svona fólk

H: Kirkjan er bara ótrúlega afturhaldssöm og henni verður ekkert breytt á einum degi. Við verðum bara að bíða. Þetta kemur, ég trúi því.

B: Já mér finnst líka sko, mér finnst ógurleg hræsni einhvern veginn, maður er skírður og þá er maður ekki spurður um kynhneigð eða foreldramir hvort að þeir trúi því eða haldi að barnið geti verið samkynhneigt. Svo er maður fermdur og þá er maður heldur ekki spurður. Velkomin, komið til mín, allir sem vilja og maður borgar sin gjöld til kirkjunnar og fer i messur, maður er ekki spurður að því hvort maður sé velkominn eða ekki.

H: Væntanlega verðum við líka jarðaðar í kirkju.

B: Já, þá verður ekki spurt að því. En það er þessi gifting og það er svo furðulegt að þá skuli kirkjan segja: Nei, hingað og ekki lengra! Annars er maður velkominn án þess að vera spurður um kynhneigð.

H: Sagði hann það? Tilvonandi biskup?

B: Sko mér finnst þetta vera óskapleg þröngsýni þegar að Alþingi Íslendinga er búinn að gefa okkur rétt, sama rétt og aðrir þjóðfélagsþegnar, og þá finnst mér það óskapleg afturhaldssemi af kirkjunni að horfast ekki í augu við að þetta er staðreynd, þetta er eitthvað sem að er í náttúrunni því við fæðumst svona. Þetta er ekki lífstíll sem maður velur sér því nógu erfitt er þetta samt. Að loka augunum fyrir þessu, ég bara skil það ekki.